

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 212/1970. **Gunnlaugur Karlsson**  
 (Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)  
 gegn  
**Finnboga Bjarnasyni**  
 (Sigurður Ólason hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1970. Það áfrýjunarmál féll niður vegna úti-  
 vistar áfrýjanda 2. nóvember 1970. Samkvæmt heimild í 36.  
 gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði hann málinu af nýju með stefnu  
 18. nóvember 1970. Krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda  
 og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-  
 kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa aðiljar komið fyrir dóm  
 og gefið skýrslur.

Áfrýjandi telur, að stefndi hafi fyrst ráðizt til starfa hjá  
 sér á árinu 1963 og þá sem annar vélstjóri, en vorið 1966  
 sem fyrsti vélstjóri, að fenginni undanþágu til þess starfa.  
 Kveðst áfrýjandi hafa gert ráð fyrir því, að stefndi starfaði  
 áfram hjá sér á sumarvertíð 1968. Segir áfrýjandi, að af af-  
 lokinni vetrarvertíð það ár hafi báturinn verið færður í slipp  
 til viðgerðar.

Stefndi kveður, að ekkert hafi verið minnzt á, hve lengi  
 hann væri ráðinn til starfa á bátnum, er hann réðst á hann  
 á vetrarvertíð 1968. Hann segir það hafa verið með leyfi  
 skipstjóra bátsins, að hann fór ekki með honum hinn 15. maí  
 1968 frá Keflavík til Reykjavíkur, þar sem báturinn hafi verið  
 færður í slipp. Þá getur stefndi þess, að hinn 18. eða 19. maí  
 1968 hafi áfrýjandi hringt til hans og sagt, að hann ætlaðist  
 ekki til þess, að stefndi færi með bátnum norður, en beðið

hann að koma til starfa í viku eða 10 daga við að búa bátinn á togveiðar. Er stefndi spurði hann, hvort hann hefði ekki ráðið annan mann í sinn stað, segir hann áfrýjanda hafa svarað því neitandi, en haft orð á því, að hann gæti ráðið annan mann, en vildi það ekki, þar eð maður þessi gæti ekki starfað hjá honum nema í 2 til 3 mánuði.

Á siglingavottorði, útgefnu af lögskráningarstjóranum í Keflavík, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, um skráningartímabil stefnda frá 5. janúar 1968 til 15. maí s. á. segir: „Fyrst var skráð á síldv. með herpinót og frá 28/3 '68 á þorskanet“. Fyrir ofan þessa áritun er skráð með stimpli: „Samkv. samningi viðk. stéttarfé.“.

Samkvæmt siglingavottorði frá sama lögskráningarstjóra, dags. 19. janúar s.l., var Sigurbjörn Jónsson lögskráður á bátinn sem fyrsti vélstjóri hinn 2. júní 1968 og afskráður 28. nóvember s. á.

Eins og sönnunargögnum máls þessa er háttað, hefur því eigi verið hnekkt, að ráðningartímabili stefnda hafi lokið 15. maí 1968. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnlaugur Karlsson, greiði stefnda, Finn-boga Bjarnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-um.

### Dómur sjó- og verzlunardóms Keflavíkur 5. nóvember 1969.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 29. nóvember 1968 og dómkið hinn 3. þessa mánaðar, hefur Sigurður Ólason hæstaréttarlögmaður f. h. Finnboga Bjarnasonar vélstjóra, Gerðum, Garði, höfðað með stefnu, útgefni hinn 17. nóvember 1968, gegn eiganda og útgerðarmanni vélskipsins Vonarinnar, KE 2, Gunnlaugi Karlssyni, Hólbraut 7, Keflavík, til greiðslu vangoldins afla-

hlutar, kauptryggingar o. fl., samtals að fjárhæð kr. 55.684.97 með 8% ársvöxtum frá 15. maí 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu svo og til viðurkenningar á sjóveðrétti í vélskipinu Voninni, KE 2, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða stefnanda kr. 10.794.47, en stefnanda verði gert að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi stefnufjárhæðina úr kr. 55.684.97 í kr. 39.343.97, en hélt fast við kröfugerð í stefnu að öðru leyti.

Við munnlegan málflytning breyttist kröfugerð stefnda á þann veg, að í varakröfu var þess krafizt, að málskostnaður yrði látinn falla niður, en haldið var fast við aðalkröfu og varakröfu að öðru leyti.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi þannig til komna, að hann hafi verið 1. vélstjóri á vélskipinu Voninni, KE 2, á vetrarvertíð 1968, og nemi dómkrafan, kr. 39.343.97, inneign stefnanda hjá stefnda samkvæmt framlögðu uppgjöri stefnda, en stefndi hafi eigi fengizt til að greiða skuldina þrátt fyrir innheimtu-tilraunir og borið því við, að stefnandi hafi með brotthlaupi úr skiprúmi í vetrarvertíðarlök hinn 15. maí 1968 án uppsagnar með löglegum fyrirvara bakað stefnda tjón, sem koma eigi til skuldajafnaðar.

Samkvæmt gögnum málsins kveður stefnandi ástæðuna fyrir því, að hann lét af störfum hjá stefnda, fyrst og fremst vanefndir stefnda á skiprúmssamningi, eða eins og segir í aðiljaskýrslu stefnanda, dskj. nr. 10, að hann, stefnandi, hafi „ekki fengið hreint uppgjör eða greiðslur hjá honum undanfarið“. Mun stefnandi hér hafa átt við eldri skuldir en þær, sem í máli þessu er stefnt út af, enda segir í stefnu, að hann, stefnandi, hafi verið 1. vélstjóri á bátnum „undanfarin ár“.

Samkvæmt gögnum málsins er inneign stefnanda hjá stefnda vegna vetrarvertíðar 1968, að fjárhæð kr. 39.343.97, viðurkennd.

Aðalkröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að stefnandi hafi sagt upp starfi sínu munnlega með hálfis mánaðar fyrirvara og hafi stefndi eigi tekið þá uppsögn gilda, þar eð uppsagnarfrestur sé 3 mánuðir samkvæmt 13. gr. laga nr. 67 frá 1963 og skuli uppsögn vera skrifleg. Kveðst stefndi því hafa gert ráð fyrir áframhaldandi vist stefnanda á bátnum, er skyldi halda til togveiða fyrir Norður- og Norðausturlandi strax að lok-

inni vetrarvertíð. Kveðst stefndi því hafa orðið fyrir tjóni af völdum brottfarar stefnanda af bátnum hinn 15. maí 1968. Nýr vélstjóri hafi ekki fengizt fyrr en 25. maí 1968 og hafi því báturinn orðið fyrir að minnsta kosti 10 daga veiðitöf. Þá sé á það að líta, að vegna þess hve báturinn komst seint á veiðar, hafi hann þurft að snúa við til Keflavíkur vegna íss við Horn, en síðan hafi verið siglt austur fyrir land og fyrst kastað hinn 10. júní 1968 og hafi veiðitöfin því í raun orðið yfir 20 dagar. Af þessum sökum kveðst stefndi hafa orðið fyrir aflatjóni, sem hann telur nema kr. 2.854.93 á dag, miðað við meðalhagnað af útgerð bátsins á dag á tímabilinu frá 2. júní til 28. nóvember 1968 samkvæmt framlögðu rekstraryfirliti, dskj. nr. 8, auk þess sem hafa megi í huga, að afli bátsins hafi verið mun meiri fyrri hluta tímabilsins samkvæmt framlögðu rekstraryfirliti.

Að öllu þessu athuguðu kveður stefndi tjón sitt vegna brottfarar stefnanda af bátnum hinn 15. maí 1968 nema hærri fjárhæð en inneign stefnanda og skuldi stefndi stefnanda því ekki neitt.

Varakröfu sína miðar stefndi við 10 dagaveiðiför, þannig að tjón samkvæmt framansögðu, að fjárhæð kr. 28.549.30, eigi að koma til frádráttar kröfu stefnanda og stefnda því aðeins gert að greiða kr. 10.794.47.

Í þinghaldi hinn 21. marz 1969 lýstu lögmennt aðilja gagnasöfnun lokið í málinu, og var ákveðið, að munnlegur málflutningur færi fram hinn 23. júní 1969. Þegar til þess þinghalds kom, lögðu lögmennt beggja aðilja fram ný skjöl og óskuðu eftir því, að munnlegum málflutningi yrði frestað, „svo aðilum gæfist kostur á að tjá sig um hin nýju skjöl“. Var orðið við þessari beiðni og málflutningi frestað.

Meðal þeirra skjala, sem lögmaður stefnda lagði fram við þetta tækifæri, var siglingavottorð lögskráningarstjórans í Keflavík, dags. 23. júní 1969, réttarmerkt nr. 14.

Eftir að munnlegum málflutningi hafði verið frestað öðru sinni vegna veikindaforfalla lögmanns annars málsaðilja, fór hann loks fram hinn 3. þessa mánaðar.

Í munnlegum málflutningi reisti lögmaður stefnanda andmæli sín gegn skuldajafnaðarkröfu stefnda aðallega á málsástæðu, sem fram kemur í siglingavottorðinu, dskj. nr. 14, en skjal þetta ber með sér, að stefnandi hafi verið skráður 1. vélstjóri á Voninni, KE 2, samkvæmt undanþágu ráðuneytisins, sem gildi til 15. maí 1968, eða sama dags og stefnandi lét af störfum á bátnum. Sam-

kvæmt þessu hafi ráðningartími stefnanda verið á enda þann dag, sem stefnandi hvarf frá borði, enda hefði honum beinlínis verið óheimilt að gegna stöðu sinni um borð lengur. Um þetta hljóti útgerðarmanni að hafa verið kunnugt, þar sem það sé að jafnaði hann, sem sækir um undanþágur til ráðuneytisins vegna starfa skipverja.

Álit dómsins.

Í 13. gr. laga nr. 67 frá 1963, 2. mgr., er kveðið á um það, að uppsagnarfrestur á skiprúmssamningum vélstjóra skuli vera 3 mánuðir, ef ekki er öðruvísi samið.

Þá segir svo í 17. gr. laga nr. 72 frá 1966 um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenskum skipum: „Ef skortur er á mönnum með nægjanleg vélstjóraréttindi, getur siglingamálaráðuneytið, eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra, veitt manni, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til vélstjórnar á tilteknu skipi um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn. Áður en undanþága er veitt, skal ávallt leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags vélstjóra“.

Stefndi hefur haldið því fram í greinargerð, að hann hafi eigi tekið uppsögn stefnanda um mánaðamót apríl—maí gilda. Samt sem áður verður eigi séð, að stefndi hafi gert reka að því að afla áframhaldandi undanþágu stefnanda til handa, þótt stefnda hafi mátt vera það fullljóst, að réttur stefnanda til að gegna starfi sínu um borð mundi renna út hinn 15. maí 1968.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja, að stefnandi hafi verið ráðinn til starfa í þágu stefnda í ákveðinn tíma, þ. e. til 15. maí 1968, og hafi honum því verið vítalaust með öllu að hverfa úr skiprúmi þann dag.

Kröfur stefnda verða því eigi teknar til greina.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að taka ber kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00, og er þá tekið tillit til ferðakostnaðar lögmanns stefnanda.

Jakob P. Möller, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ragnari Björnssyni og Ástvaldi Þórðarsyni.

#### Dómsorð:

Stefndi, Gunnlaugur Karlsson, greiði stefnanda, Finnboga Bjarnasyni, kr. 39.343.97 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. maí 1968 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur í vélskipinu Voninni, KE 2, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. marz 1971.

Nr. 189/1970. **Ólafur Gunnarsson**

(Sigurður Gizurarson hdl.)

gegn

**Íslenzka Álfélaginu h/f**

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

**Dómendur:**

**hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Gizur Bergsteinsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Gaukur Jörundsson.**

**Kaupgjaldsmál.**

**Dómur Hæstaréttar.**

Afrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.121.000.00, en kröfu sína sundurliðar hann svo:

„1) Krafa um verkstjóraalaun fyrir tímabilið frá 1. sept. 1967 til 1. janúar 1969. Krafan miðast við ógreidd laun fyrir tímabilið, kr. 12.000.00 fyrir hvern mánuð, eða alls kr. 336.000.00.

Vextir falli á fyrstu 12.000 krónurnar frá og með 1. okt. 1967. Síðan hækki fjárhæðin um kr. 12.000.00 fyrsta hvers mánaðar til loka tímabilsins og falli ávallt á 8% vextir.

2) Krafa um verkstjóraalaun frá 1. janúar 1969 til 1. apríl 1970, kr. 9.000.00 á mánuði, eða alls kr. 135.000.00.

Vextir falli á fyrstu 9.000.00 hinn 1. febrúar 1969 og síðan